

EFNISTAKA Í LANDI HVAMMS

Sveitarfélaginu Ölfusi

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði bundin við þegar vinnsla mun eiga sér stað og geta valdið ónæði fyrir næstu nágretta og starfsemi sem fer fram á Garðyrkjustöðinni Nátthaga, vegna hávaða, umferðar og ryks. Áhrifin geta verið nokkuð neikvæð, en verða þó tímabundin og dregur úr þeim eftir því sem vinnslan færist fjær Nátthaga m.a. þar sem gert er ráð fyrir minni hörpun efnis. Miklu máli skiptir hvernig hljóðmönnum, endanlegum frágangi efnistökusvæða og vegfláum verður háttað, en frá því verður greint í fyrirhuguðu deiliskipulagi. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að samráð verði haft við eiganda Nátthaga og Vegagerðina um tilhögun mótvægisáðgerða s.s. hljóðmana og mögulegra hraðatakmarkanna. Mikilvægt er að boðaðar mótvægisáðgerðir falli sem best að umhverfinu og hafi sem minnst sjónræn áhrif.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif efnistökusvæðanna eða áhrif þeirra á landslag, fornminjar, vatnafar, jarðmyndanir og lífríki verði óveruleg. Hins vegar telur stofnunin með tilliti til verndargildi votlendis skv. lögum um náttúruvernd verði hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfis að reyna koma í veg fyrir rask deiglendis í jaðri svæðis 2. Þrátt fyrir að efnistakan nái ekki yfir 3 ha votlendis, sem er það viðmið sem tilgreint er í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þá getur framkvæmdin mögulega haft áhrif á stærra votlendisvæði en er beint innan efnistökusvæðisins.

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 10. júní 2012 sendi Bölti ehf., frummatsskýrslu um efnistöku í landi Hvamms í Sveitarfélaginu Ölfusi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 21. júní 2012 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 21. júní til 2. ágúst 2012 á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.boelti.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Bólta.

Þann 13. september 2012 sendi Bölti ehf. matsskýrslu um efnistöku í landi Hvamms í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Efnistaka í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi. Frummatsskýrsla með fylgiskjölum. 8. júní 2012.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 6. september 2012.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 9. júlí 2012.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 16. júlí 2012.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. júlí 2012.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 9. júlí 2012.

Athugasemdir bárust frá:

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Efnistaka í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi. 12. september 2012.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka í Hvammsnámu í landi Hvamms í Ölfusi hafi staðið allt frá árinu 1930. Námusvæðið sé við Hvammsveg, við Suðurlandsveg milli Selfoss og Hveragerðis. Efnistöku í námunni sé ármöl, grjót og set notað til vegagerðar og til jarðvegsfyllingar við mannvirkjagerð. Náman hafi verið í notkun með hléum. Efnistökusvæðin séu tvö, beggja megin Hvammsvegar í uppgræddum melum og sé áætlað að vinna úr þeim allt að 600.000m³ á 30 árum. Á efnistökusvæðið hafi uppgröftur, mestmegnis frá Hveragerði, verið notaður til uppfyllingar og landmótunar í stað brottflutts efnis.

Fram kemur að svæði 1, sunnan Hvammsvegar þar sem búið sé að taka efni, sé um 4,5 ha. Áætlað efnismagn sem tekið hafi verið sé um 400.000 m³. Í efnistökusvæðið, í stað brottflutts efnis, hafi uppgröftur, mestmegnis frá Hveragerði, verið notaður til uppfyllingar og landmótunar. Gert sé ráð fyrir að eftir sé um tveggja ha svæði heppilegt til efnistöku.

Framkvæmdaraðili áformi því stækkun svæðis 1 um 2 ha og efnistöku allt að 100.000 m³ á 5-10 árum.

Fram kemur að svæði 2, norðan Hvammsvegjar, hafi verið opnað fyrst árið 1954 og efni þaðan notað við gerð undirstaða Sogslínu 2. Einnig hafi efni af svæðinu verið tekið vegna endurbóta á Hvammsvegi, alls um 10-15.000 m³. Á þessu svæði áformar framkvæmdaraðili alls um 500.000 m³ efnistöku á 5 ha, á allt að 30 árum.

Greint er frá því að fyrirhuguð efnistaka muni fara fram á uppgræddu landi og því sé ekki verið að raska óspilltri náttúru. Efnistökusvæðið sé lítt áberandi nema vegfarendum á stuttum kafla Hvammsvegjar og útivistarfólki ofan af Ingólfsfjalli vestan til. Vegna nálægðar við Suðurlandsveg og helstu þéttbýlissvæði á Suðurlandi sé efnistökusvæðið vel í sveit sett með tilliti til flutninga.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir sérstakri áfangaskiptingu. Gert sé ráð fyrir að farið verði að vinna efni af svæði 2 að einhverju leyti þegar leyfi liggja fyrir samhliða því að ljúka efnistöku af svæði 1. Þetta sé háð markaðsaðstæðum hverju sinni og eftirspurn eftir mismunandi fyllingarefni. Umfang efnisvinnslunnar fari að verulegu leyti eftir framkvæmdum og ástandi í samfélaginu. Stærð og umfang námunnar henti vel til minni framkvæmda og viðhalds. Að jafnaði sé ein grafa staðsett á svæðinu en tilfallandi séu mulningsvél og harpa. Starfsmaður verði ekki að staðaldri á svæðinu nema þegar sjálf vinnslan fari fram. Bílstjórar flutningabíla sjá að jafnaði sjálfir um ámoksturinn. Lítil jarðýta sé tilfallandi á svæðinu notuð til landmótunar. Á svæði 2 sé efnisgerð, með öðrum hætti en á svæði 1. Steinastærð sé minni og í sumum tilfellum sé hægt að nota efnið eins og það komi fyrir. Ekki sé gert ráð fyrir jarðraski utan afmarkaðra efnistökusvæða vegna framkvæmdar. Áhrifasvæði framkvæmdar sé í meginatriðum skilgreint 100 m út fyrir afmörkun svæðisins. Helgunarsvæði Vegagerðar sé 15 m frá vegmiðju og séu efnistökusvæðin afmörkuð 5 m þar utan við.

Kostir. Í matskýrslu kemur fram að valkostir séu þessir:

- Núllkostur, sem felist í því að hætta allri efnistöku nú þegar.
- Kostur 1, sem sé aðaltillaga framkvæmdaraðila og felist í 600.000 m³ efnistöku á svæðum 1 og 2 á 30 árum.
- Kostur 2, sem væri að ljúka efnistöku á svæði 1, 100.000m³ efnistöku á 5-10 árum.

Núllkosti fylgi breyting á ætlaðri afkomu ábúenda. Þá þurfi að finna nýtt svæði fyrir uppgröft í grennd við Hveragagerði. Til framkvæmda í nágrenninu þurfi að sækja malarefni lengra að. Engar rökréttar ástæður séu fyrir því að hætta við þessa framkvæmd. Að ljúka svæði 1 og hefja ekki vinnslu á svæði 2 sé ekki heldur rökréttur kostur. Búið sé að opna svæði 2 fyrir löngu og í raun sé engu verið að raska. Vegna mismunandi steinastærðar í námunum sé heppilegt að nýta þær að einhverju leyti samhliða meðan efni sé til í neðri námunni. Þá sé verið að tryggja áframhaldandi tekjur af efnissölunni sem lengst. Einnig sé að öllu jöfnu heppilegast að hafa efnistökusvæðin færri og stærri. Því sé réttast að leggja til valkost 1.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfus kemur fram að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag, en lagt er til að deiglendi við norðurjaðar svæðis 1 verði hlíft fyrir raski og framræslu.

Skipulagsstofnun bendir á að við útgáfu framkvæmdaleyfis getur sveitarfélagið sett framkvæmdinni ákveðin skilyrði m.a. þau sem það leggur hér til.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 ÁHRIF Á MENN

Áhrif á hljóðvist. Í matsskýrslu kemur fram að umferðarniður sé frá bílaumferð um Hvammsveg. Gangi áætlun um efnistöku eftir megi vegna vinnslunnar reikna með 5 bílum á sólahring að meðaltali. Ætla megi, til lengri tíma, að helmingur efnisflutninganna fari fram hjá garðyrkjustöðinni Nátthaga. Gert sé ráð fyrir mun minni hávaða frá efnisvinnslu af svæði 2 því kornastærð malarinnar sé þar minni og mölun á efni lítil. Efnið þar verði ýmist tekið óunnið beint á bíl eða harpað. Garðyrkjustöðin Nátthagi sé vestan við námurnar. Þegar matsáætlun var kynnt hafi eigandi Nátthaga gert athugasemd við ónæði frá efnisvinnslu, þegar hún fari fram og hávaða frá umferð vörubíla. Hávaði sé frá mulningsvél og hörpu þegar þau tæki séu í gangi og valdi ónæði í garðyrkjustöðinni Nátthaga. Einnig hafi hávaði frá umferð flutningabíla valdið ónæði. Gert sé ráð fyrir mun minni hávaða frá efnisvinnslu af efra svæði. Til að bæta hljóðvist muni framkvæmdaaðili koma upp hljóðmönnum við vesturenda vinnslusvæða. Endanleg útfærsla þeirra verði kynnt í deiliskipulagi svæðisins. Samráð verði haft við eiganda, sveitarfélag og Vegagerðina um hugsanlegar hraðatakmarkanir. Efnistakan sjálf muni fara nálægt íbúðarhúsinu að Hvammi 1 eða allt að 30 m þar sem mörk svæðis 1 séu næst. Ekki sé þó gert ráð fyrir að sjálf efnisvinnslan verði svo nærri eða ekki nær en 100 m. Þessu verði stjórnað af framkvæmdaraðila sem hafi alla tíð búið á námubakkanum. Umhverfisáhrif sem stafi af vélavinnu við framkvæmdina, séu tímabundin og metin óveruleg.

Áhrif á loftgæði. Í matsskýrslu kemur fram að Hvammsvegur sé með bundnu slitlagi svo ekki stafi hætta af rykmengun frá umferð um hann. Létt ryk þyrlist upp við efnisvinnslu og akstur í námunum þegar efnið sé þurr. Ekki sé um sandfok að ræða utan efnistökusvæða. Hvorki hafi verið kvartað yfir rykmengun frá efnisvinnslunni né orðið vart áhrifa á náttúrufar við námurnar vegna sand- eða rykfoks og ekki gert ráð fyrir að svo verði. Vegna ríkjandi áttar gæti orðið ryk- eða sandfok af efra svæðinu yfir Hvammsveg og einnig til suðvesturs í átt að Nátthaga. Ætlun framkvæmdaaðila sé að setja hljóðmanir vestanvert við báðar námurnar muni það koma í veg fyrir fok til vesturs og hæpið sé að ryk fjúki úr námu 2 yfir veginn þar sem hann sé hæstur. Gert sé ráð fyrir að þar verði ofanafýtingu komið fyrir í mönnum meðan á framkvæmdum standi sem hindri fok. Verði um að ræða fok frá námu 1 næst íbúðarhúsi muni framkvæmdaraðili setja upp manir þar meðan á framkvæmd standi. Þessi umhverfisáhrif sem stafi af vélavinnu við framkvæmdina, séu tímabundin og metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lofgæði og hljóðstig geti orðið nokkuð neikvæð fyrir næstu nágretta og starfsemi sem fer fram á Garðyrkjustöðinni Nátthaga. Áhrifin séu þó tímabundin og minni eftir því sem vinnslan færir fjær Nátthaga m.a. þar sem gert er ráð fyrir minni hörpun efnis. Miklu máli skiptir hvernig hljóðmönnum, endanlegum frágangi efnistökusvæða og vegfláum verður háttað, en frá því verður greint í fyrirhuguðu deiliskipulagi. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að samráð verði haft við eiganda Nátthaga og Vegagerðina um tilhögun mótvægisáðgerða s.s. hljóðmana og mögulegra hraðatakmarkanna.

3.2 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

Jarðfræði. Í matsskýrslu kemur fram að malarnámurnar í Hvammi séu í framburðarkeilu þar sem ægi saman kornastærðum, allt frá stórum hnellingum niður í sand og leiragnir. Bergið í mölinni sé fyrst og fremst alls konar afbrigði af basalti. Námavinnslan í Hvammi ógni ekki sýnilega landgæðum á svæðinu eða eigi sér stað í sjaldgæfum eða verðmætum jarðmyndunum. Verndargildið sé ekki hátt og áhrifin af efnistöku eru metin varanleg og óafturkræf en óveruleg.

Áhrif á gróður og dýr. Í matsskýrslu kemur fram að fuglalíf sé fábreytt við efnistökusvæðið. Gróðurfar sé ekki fjölbreytt, efnistökusvæðin og umhverfi séu tún eða uppgræddir móar. Í sérfræðiskýrslu um fugla og gróður kemur fram að nyrst á svæði 2 sé þýfð hálfdeigja með gömlum lækjarfarvegi og lítil tjörn með nokkrum tjarnaplöntum sem ekki hafi fundist annars staðar á athugunarsvæðinu. Stækkun námanna sé talin hafa óveruleg áhrif á gróður eða fuglalíf á lands- eða svæðisvísu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að efnistakan fari fram í algengri jarðmyndun sem ekki er talin hafa mikið verndargildi og áhrif á fugla og dýralíf verði lítið. Stofnunin telji því ekki líklegt að efnistakan muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Skipulagsstofnun telur að efnistakan hafi ekki veruleg áhrif á náttúrufer, hvorki jarðmyndanir né lífríki. Hins vegar telur stofnunin með tilliti til verndargildi votlendis skv. lögum um náttúruvernd verði hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfis að reyna koma í veg fyrir rask deiglendis í jaðri svæðis 2. Þrátt fyrir að efnistakan nái ekki yfir 3 ha votlendis, sem er það viðmið sem tilgreint er í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þá getur framkvæmdin mögulega haft áhrif á stærra votlendisvæði en er beint innan efnistökusvæðisins.

Vatnafar. Í matsskýrslu kemur fram að hægur grunnvatnsstraumur sé á svæðinu umhverfis Hvamm og suður með hlíðum Ingólfsfjalls til suðurs og suðvestur. Vatnið komi að mestu leyti undan Ingólfsfjalli, úr malarkeilunni við Hvamm og fjallendinu norðan og norðaustan hennar. Efnistökusvæðið sé ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból þéttbýliskjarna nýti vatnið né komi til með að gera það. Mögulegir mengunarvaldar vatns vegna efnistökkunnar séu einvörðungu olíur sem notaðar eru á vinnuvélar. Líkurnar á mengunarslysi við efnistökkuna séu ákaflega litlar. Áhrif framkvæmda á vatnafar umhverfis eru metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að efnistakan komi ekki til með að valda verulegum áhrifum á vatnafar. Hins vegar leggur stofnunin áherslu að grunnvatn sé auðlind sem beri að vernda eins ómengaða og kostur er og því mikilvægt að starfsemin leggi áherslu á að þess sé gætt.

Landslag/sjónræn áhrif. Í matsskýrslu kemur fram að umhverfi námunnar sé markað landbúnaði og áhrif framkvæmda á ósnortna náttúru og sérstöðu séu lítil og ekki varanleg. Svæðið hafi upphaflega verið ógrónir melar sem hafi verið græddir upp til beitar. Verið sé að fylla upp og græða gamla námusvæðið neðan vegar og færa það nær sinni upphaflegu mynd. Eftir uppfyllingu og uppgræðslu efnistökusvæðanna komi þau til með að falla sem eðlilegast inn í umhverfið sem fyrir er. Áhrif framkvæmda með mótvægisáðgerðum á landslag/sjónræn áhrif eru metin óveruleg og að verulegu leyti tímabundin. Skipulagsstofnun hvetur til þess að opnum hluta námunnar verði haldið í lágmarki á meðan hún er í rekstri og að samhliða efnistökkunni verði unnið að frágangi fullunninna svæða.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif efnistökkunnar og áhrif á landslag verði ekki veruleg. Efnistaka á svæðinu hefur farið fram í langan tíma án þess að valda verulegum breytingum á landslagi. Mikilvægt er að vandað sé við frágang svæðisins og gerð hljóðmana þannig að þær mótvægisáðgerðir falli sem best að umhverfinu og hafi sem minnst sjónræn áhrif.

3.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Fornminjar. Í matsskýrslu kemur fram að engar heimildir séu um að á framkvæmdasvæðinu kunni að leynast fornleifar. Í nágrenni svæðisins séu hins vegar upplýsingar um fornleifar, sérstaklega á hinu gamla bæjarstæði Hvamms, sem sé landnámsjörð. Búið sé að skrá fornminjar fyrir gamla bæjarstæðið sem séu allar utan framkvæmdasvæðis en þó í grenndinni. Fornminjum utan svæðis gæti einungis stafað hættu af raski véla sé ógætlega farið og því mikilvægt að halda framkvæmdum og raski innan markaðs svæðis. Þess verði gætt að fara ekki út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði og komi í ljós óþekktar fornleifar við framkvæmdir verði Fornleifavernd ríkisins greint frá fundinum skv. 13. gr. þjóðminjalaga. Áhrif framkvæmda á fornleifar eru að mati framkvæmdaraðila talin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistökkunnar á fornminjar verði óveruleg. Mikilvægt er að starfsmönnum við efnistökkuna sé ljóst hverju sinni hvaða svæði er innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis.

3.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Í greinargerð að stærð námasvæðisins í Hvammi sé um 4 ha og vinnanlegt efni 50.000 – 100.000 m³. Framkvæmdin er ekki í samræmi við stefnu aðalskipulagsins og kallar því á breytingu á því og samhliða því umhverfismat áætlana skv. lögum um nr. 105/2006.
- Í greinargerð Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014 kemur fram vinna skuli deiliskipulag fyrir stærri námusvæði. Samhliða því skal vinna umhverfismat áætlunarinnar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Auglýsa þarf ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfisins í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá afgreiðslu leyfisveitanda skv. 10. gr. framkvæmdaleyfisreglugerðar nr. 772/2012.
- Ganga þarf úr skugga um stöðu starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, í ljósi fyrirhugaðrar stækkunar efnistökusvæðisins.
- Þeir sem veita leyfi til framkvæmdanna skulu Skipulagsstofnun afrit þeirra eftir að þau hafa verið gefin út skv. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Bölta ehf. fyrir hönd efnistökuáðila í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein

reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði bundin við starfstíma og geta valdið ónæði fyrir næstu nágranna og starfsemi sem fer fram á Garðyrkjustöðinni Náttþaga. Áhrifin geta verið nokkuð neikvæð, en verða þó tímabundin og dregur úr þeim eftir því sem vinnslan færir fjær Náttþaga m.a. þar sem gert er ráð fyrir minni hörpun efnis. Miklu máli skiptir hvernig hljóðmönnum, endanlegum frágangi efnistökusvæða og vegfláum verður háttáð, en frá því verður greint í fyrirhuguðu deiliskipulagi. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að samráð verði haft við eiganda Náttþaga og Vegagerðina um tilhögun mótvægisáðgerða s.s. hljóðmana og mögulegra hraðatakmarkanna. Mikilvægt er að boðaðar mótvægisáðgerðir falli sem best að umhverfinu og hafi sem minnst sjónræn áhrif.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif efnistökusvæðisins eða áhrif þeirra á landslag, fornminjar, vatnafar, jarðmyndanir og lífríki verði óveruleg. Hins vegar telur stofnunin með tilliti til verndargildi votlendis skv. lögum um náttúruvernd verði hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfis að reyna koma í veg fyrir rask deiglendis í jaðri svæðis 2. Þrátt fyrir að efnistakan nái ekki yfir 3 ha votlendis, sem er það viðmið sem tilgreint er í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þá getur framkvæmdin mögulega haft áhrif á stærra votlendisvæði en er beint innan efnistökusvæðisins.

Reykjavík, 15. október 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson